

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 10. desember 2008 í máli nr. S-995/2008:

### Ákærvaldið

*(Karl Ingi Vilbergsson aðstoðarsaksóknari)*

**gegn**

**Jóhannesi Berg Hjaltasyni**

*(Ásdís Rafnar hrl.)*

Ár 2008, miðvikudaginn 10. desember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ragnheiði Harðardóttur, settum héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 995/2008: Ákærvaldið gegn Jóhannesi Berg Hjaltasyni, sem tekið var til dóms í þinghaldi 28. nóvember sl.

Mál þetta er höfðað með ákæru Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu, dagsettri 12. ágúst 2008, á hendur ákærða, Jóhannesi Berg Hjaltasyni, kt. 000000-0000, Iðnbúð 4, Garðabæ, „fyrir líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 25. febrúar 2007, hrint Lenu Kristínu Þórðardóttur, kt. 000000-0000, þannig að hún féll í gólfið og þá sparkað í höfuð hennar, með þeim afleiðingum að hún hlaut heilahristing og eymsli yfir hægra gagnauga og kjálkalið.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981 og 110. gr. laga nr. 82, 1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar. Í málinu gerir Þórður Karlsson, kt. 000000-0000, þá kröfu, fyrir hönd ólögráða dóttur sinnar, Lenu Kristínu [svø], að ákærði verði dæmdur til að greiða bætur að fjárhæð kr. 345.682.- með vöxtum skv. 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 25. febrúar 2007, en síðan með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga.”

Við aðalmeðferð málsins óskaði sækjandi eftir því, með vísan til 1. mgr. 117. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, að fært yrði til bókar að hin meinta líkamsárás hefði átt sér stað að Viðarási 18 í Reykjavík.

Ákærði krefst þess að hann verði alfarið sýknaður af kröfum ákærvalds og að bótakröfu verði vísað frá dómi, jafnframt því sem allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði. Til vara krefst ákærði þess að honum verði ekki gerð refsing í málinu.

## Málavextir

Aðfaranótt sunnudagsins 25. febrúar 2007, kl. 3:33, barst lögreglu tilkynning um að líkamsárás hefði átt sér stað að Viðarási 18 í Reykjavík, þar sem sparkað hefði verið í höfuð 16 ára stúlku og væri hún talin meðvitundarlaus. Samkvæmt skýrslu lögreglu reyndist meintur árásarmaður á bak og burt er lögreglumenn bar að garði. Nokkrir unglingar voru saman komnir í húsinu, þ.á m. Lena Kristín Þórðardóttir, sem sögð var hafa orðið fyrir líkamsárásinni. Stúlkan sagðist ekki vita hver hefði ráðist á hana. Hún sagðist kenna til eymsla í enni og að hún hefði kastað upp eftir að hafa fengið högg á framanvert höfuðið. Roði og marblettir voru á enni stúlkunnar. Var hún flutt á slysadeild til skoðunar.

Davíð Arnar Oddgeirsson gaf sig fram við lögreglu á vettvangi og sagðist eiga þarna heima. Davíð sagðist ekki vita hvað hefði gerst, en Lena og einhver piltur hefðu farið inn í herbergi og lokað að sér. Hann sagðist ekki vita hvað fór fram í herberginu og ekki vita nafn piltsins.

Mánudaginn 26. febrúar mætti Lena hjá lögreglu í fylgd föður síns og lagði fram kæru á hendur ákærða fyrir líkamsárás. Lena sagðist hafa verið þarna stödd í samkvæmi ásamt 10-15 unglingum. Hún sagðist hafa neytt áfengis, en ekki í þeim mæli að hún hefði verið ofurölvi. Hún sagðist muna eftir því að hafa setið við heimilistölvuna og að ákærði, sem hefði verið áberandi ölvaður, hefði verið að atast í henni. Hún hefði beðið hann um að láta sig vera og fara í burtu. Hann hefði þá spurt hvort hann ætti að berja hana og hún svarað honum að gera það bara. Þá hefði ákærði ráðist á hana. Lena sagðist muna eftir því að hafa fengið högg á vinstri kinn og hefði hún fallið í gólfíð. Eftir það væri allt í móðu. Henni hefði verið sagt að ákærði hefði sparkað í höfuð hennar.

Samkvæmt vottorði Guðjóns Baldurssonar, sérfræðings á slysa- og bráðadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss, dvaldist Lena á deildinni í um klukkustund aðfaranótt sunnudagsins 25. febrúar og fékk þar verkjalyf. Hún hefði leitað aftur til slysadeildar á sunnudagskvöldi. Lena hefði sagst hafa orðið fyrir líkamsárás nóttina áður og hefði verið lamið í höfuð hennar og sparkað í höfuð hægra megin. Hún hefði misst meðvitund og verið rugluð á eftir. Um daginn hefði hún verið með höfuðverk, ekki getað legið á hægri hlið, haft viðvarandi ógleði og kastað upp. Við skoðun reyndist Lena vera þreifiaum yfir gagnaugasvæði hægra megin. Einnig voru eymsli yfir kjálkalið. Ekki var að sjá neitt mar, sár eða önnur áverkamerki og taugaskoðun var eðlileg. Var Lena greind með yfirborðsáverka á höfði og heilahristing. Segir í vottorðinu að áverkar þessir geti vel komið heim og saman við sögu sjúklings.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 18. apríl 2007 og sagðist hafa verið inni í herbergi með Lenu og fleiri unglingum í umrætt sinn. Hefði komið til orðaskipta á milli þeirra Lenu, en hún hefði verið að espa hann upp og meðal annars ítrekað sagst hata hann. Hann hefði beðið hana að hætta þessu, en hún þá sagt honum að berja sig. Við þetta hefði fokið í hann. Hefði hann þrifið í Lenu og hún dottid í gólfíð. Ákærði sagðist hafa yfirgefið húsið eftir þetta og farið heim til sín. Hann sagðist hafa verið mikið ölvaður þetta kvöld og ekki muna mikið eftir þessu. Hann myndi ekki eftir að hafa sparkað í Lenu. Hann myndi eftir að hafa hrint henni og minnti að hún hefði við það lent með höfuðið á hlið rúms sem þarna var. Þegar

læknisvottorð var borið undir ákærða áréttaði hann að hann hefði hrint Lenu í rúmið og að áverkalýsing kæmi heim og saman við það. Hún hefði rekið höfuðið í rúmið og væntanlega meitt sig á höfði við það.

Í lögregluskýrslu frá 11. apríl 2007 vegna símtals við Ýri Steinarsdóttur kom fram að þær Lena hefðu verið inni í herbergi að spjalla saman þegar tveir strákar hefðu komið þar inn sem hún taldi heita Brynjar og Jóhannes, kallaður Jói. Jói og Lena hefðu farið að rífast og hefði hún séð hvar hann henti Lenu í gólfíð. Ýr sagðist hafa gengið á milli, en þá hefði Jói ýtt henni frá sér svo að hún datt í rúmið. Síðan hefði hún séð hvar hann sparkaði ítrekað í átt að Lenu þar sem hún lá á gólfinu. Hún hefði hinsvegar ekki séð hversu oft hann hitti hana. Jói hefði loks verið tekinn í burtu og hún farið að tala við Lenu. Lena hefði ekkert sagt, en bara grátið.

Í lögregluskýrslu frá 12. apríl 2007 vegna símtals við Brynjar Orra Oddgeirsson kom fram að samkvæmi hefði staðið yfir á heimili hans. Lena og ákærði hefðu verið inni í herberginu hans ásamt Ýri. Brynjar sagðist síðan hafa heyrt einhver læti inni í herberginu og farið inn og þá séð Lenu og ákærða vera að rífast. Hann hefði síðan séð að ákærði hrinti Lenu. Hann kvaðst halda að ákærði hefði ætlað að hrinda Lenu í rúmið, en hún hefði fallið á gólfíð. Brynjar sagðist þá hafa gripið utan um ákærða, en þá hefði hann sparkað einu sparki í andlit Lenu.

Fyrir dómi sagðist ákærði hafa verið inni í herbergi að tala við Lenu, en hann hefði ekki þekkt hana áður. Komið hefði til orðaskipta á milli þeirra og hefði hann ætlað út úr herberginu. Lena hefði verið fyrir honum og hefði hann ýtt henni burt. Ákærði kvaðst ekki hafa séð hvort hún féll við þegar hann ýtti henni. Hann neitaði að hafa sparkað í höfuð stúlkunnar. Áverkar hlytu að hafa hlotist af því að hún hefði dottið á höfuðið. Ákærði kvaðst ekki hafa verið mikið ölvaður þetta kvöld. Hinsvegar myndi hann atvik illa þar sem langt væri um liðið. Hann kvaðst hafa verið skólaus inni í íbúðinni. Ákærði kvaðst ekki muna eftir því að Lena hefði rekið höfuðið í hlið rúmsins. Hann kvaðst telja að hann hefði hrint henni í rúmið eins og hann hefði lýst hjá lögreglu og að hún hefði rekið höfuðið í hlið rúmsins þegar hún féll. Hann kvaðst ekki draga í efa að áverkar sem lýst væri í áverkavottorði væru af völdum þessa falls.

Lena Kristín Þórðardóttir sagði þau ákærða hafa farið að kýta vegna þess að hann hefði viljað komast í tölvuna og ekki viljað bíða eftir því að hún lyki við það sem hún var að gera. Ákærði hefði kýlt hana í kjálka vinstra megin og hefði hún við það fallið niður og misst meðvitund. Hún hefði kastað upp þegar hún vaknaði aftur og hefði vinkona hennar sagt að ákærði hefði sparkað í höfuð hennar. Lena sagðist hafa setið við tölvuna þegar ákærði sló hana.

Ýr Steinarsdóttir sagði þær Lenu hafa verið við tölvuna í umrætt sinn. Ákærði hefði komið inn og þau Lena farið að þræta. Minnti hana að Lena hefði staðið upp og ákærði þá ýtt við henni svo að hún féll. Ýr sagðist hafa séð ákærða sparka í átt að Lenu eftir að hún féll, en ekki séð hvort spörkin lentu á henni. Hún hefði ekki séð nákvæmlega hvað gerðist eftir að Lena féll þar sem rúmið hefði byrgt henni sýn. Lena hefði fallið fyrst á rúmið og síðan niður á gólf. Hún sagðist ekki muna hvort ákærði hefði verið í skóm þegar þetta var, en taldi líklegra að hann hefði verið

á sokkaleistunum. Borið var undir Ýri það sem haft var eftir henni í lögregluskýrslu að hún hefði séð ákærða sparka ítrekað í átt að Lenu þar sem hún lá á gólfinu, en ekki séð hversu oft hann hitti í hana. Sagðist hún ekki hafa séð ákærða sparka í Lenu, heldur í átt til hennar. Ákærði hefði sparkað oft en einu sinni í átt til Lenu.

Brynjar Orri Oddgeirsson sagði atvikið hafa orðið í herbergi sínu. Hefði Lena setið í tölvustólnum og þau ákærði verið að rífast. Ákærði hefði tekið í Lenu og hent henni til hliðar svo að hún féll í gólfið. Hann minnti að ákærði hefði tekið um axlir Lenu og hrint henni. Brynjar sagðist þá hafa tekið utan um ákærða, sem hefði sparkað til Lenu þar sem hún lá. Hann hefði verið að horfa á ákærða og ekki séð hvað gerðist, en svo litið á Lenu og hefði hún þá legið á gólfinu og verið „í roti“ að því er hann taldi. Síðan hefði hún vaknað upp og byrjað að gráta. Borið var undir Brynjar það sem haft var eftir honum í lögregluskýrslu að hann hefði gripið utan um ákærða sem hefði þá sparkað einu sparki í andlit Lenu. Hann sagðist ekki muna eftir að hafa sagt þetta, en verið gæti að hann hefði munað þetta betur þá. Brynjar sagðist jafnframt ekki muna það greinilega hvort Lena stóð eða sat þegar þetta gerðist. Brynjar lýsti rúmi sínu sem „amerísku rúmi“. Ekkert væri hart á því nema fætunnir. Hann sagðist minna að Lena hefði dottið á rúmið og „skoppað“ af því niður á gólf. Brynjar sagðist telja að ákærði hefði verið á sokkaleistunum þegar þetta gerðist.

Guðjón Baldursson, sérfræðingur á slysa- og bráðadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss, kom fyrir dóminn og staðfesti læknisvottorð sitt. Guðjón sagði áverka sem lýst er í vottorðinu geta komið heim og saman við þá lýsingu að sparkað hefði verið í höfuð stúlkunnar. Hinsvegar væri ekki hægt að staðfesta að þetta hefði gerst. Stúlkan hefði ekki verið með sýnilega áverka, svo sem mar. Greining væri byggð á einkennum sem hún hefði lýst við skoðun.

## Niðurstaða

Ákærði neitar sök. Hann viðurkennir að hafa hrint Lenu Kristínu Þórðardóttur þannig að hún féll í gólfið, eins og lýst er í ákæru. Hann neitar hinsvegar að hafa sparkað í höfuð hennar eftir að hún féll.

Vitnin Ýr Steinarsdóttir og Brynjar Orri Oddgeirsson hafa bæði borið að ákærði hafi hrint Lenu svo að hún féll í gólfið. Ýr sagðist hafa séð ákærða sparka ítrekað í átt til Lenu eftir að hún féll, en þar sem Lena hefði legið í hvarfi bakvið rúm hefði hún ekki séð hvort spörkin hæfðu hana. Í lögregluskýrslu Brynjars kemur fram að ákærði hafi sparkað í andlit Lenu þar sem hún lá á gólfinu. Fyrir dómi sagðist Brynjar hafa séð ákærða sparka til Lenu. Þegar hann hefði litið til Lenu eftir þetta hefði hún legið á gólfinu og verið meðvitundarlaus að því er hann taldi. Brynjar sagði þó að verið gæti að hann hefði munað atvik betur við skýrslugjöf hjá lögreglu. Lena sagði ákærða hafa slegið sig hnefahögg í kjálka vinstra megin og hefði hún við það fallið niður og misst meðvitund. Samkvæmt læknisvottorði Guðjóns Baldurssonar og vætti sérfræðingsins fyrir dómi gátu yfirborðsáverkar á höfði og heilahristingur, sem stúlkan greindist með komið heim og saman við að hún hefði verið slegin í höfuð og sparkað í höfuð hennar eins og hún hefði lýst við komu á slysideild. Þykir ekki varhugavert að telja sannað að Lena hafi hlotið áverkana við það að ákærði hafi sparkað í höfuð hennar eftir að hafa hrint henni svo

að hún féll í gólfíð. Samkvæmt þessu er ákærði sannur að líkamsárás á Lenu, eins og rakið er í ákærinni og réttilega er þar fært til refsíákvæða.

## Refsing, skaðabætur og sakarkostnaður

Við ákvörðun refsingar verður litið til þess að ákærði var aðeins 16 ára er hann framdi brotið, en meðferð málsins hefur tafist úr hófi. Þótt sú háttsemi að sparka í höfuð hljóti ávallt að teljast vítaverð verður lagt til grundvallar að ákærði hafi verið skólaus þegar atlagan átti sér stað og hún því ekki eins ámælisverð og ella. Þá liggur fyrir að komið hafði til orðaskipta á milli ákærða og Lenu áður en ákærði veittist að stúlkunni og þykir aðdragandi líkamsárásarinnar með þeim hætti að við ákvörðun refsingar megi taka mið af 3. mgr. i.f. 218. gr. b. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu Lenu Kristínar Þórðardóttur hefur verið krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða skaðabætur að fjárhæð kr. 345.682 með vöxtum samkvæmt 8. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 25. febrúar 2007, en síðan með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga.

Höfuðstóll kröfunnar sundurliðast þannig:

1. Þjáningabætur í 30 daga, kr. 1.130 á dag,  
sbr. 3. gr. skaðabótalaga, samtals kr. 33.900
  2. Miskabætur samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga kr. 250.000
  3. Lögfræðikostnaður að viðbættum virðisaukaskatti kr. 61.782
- Samtals kr. 345.682

Með hliðsjón af læknisfræðilegum gögnum þykja þjáninga- og miskabætur hæfilega ákveðnar 50.000 krónur. Þá ber að dæma ákærða til að greiða kostnað við að halda fram bótakröfu, 61.782 krónur. Ber þannig að dæma ákærða til að greiða Lenu 111.782 krónur, sem beri vexti eins og í dómsorði greinir.

Dæma ber ákærða til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ásdísar Rafnar hæstaréttarlögmanns, 180.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, auk annars sakarkostnaðar málsins, 25.700 krónur.

## DÓMSORÐ

Ákærði, Jóhannes Berg Hjaltason, sæti fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði Lenu Kristínu Þórðardóttur skaðabætur að fjárhæð 111.782 krónur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 25. febrúar 2007 til 29. október 2008, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/2001, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 205.700 krónur í sakarkostnað, þar með talið málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ásdísar Rafnar hæstaréttarlögmanns, 180.000 krónur.

Ragnheiður Harðardóttir